Antikva ehf. 2023

# Þingvellir í Helgafellssveit

## Könnunarskurðir 2023

Hermann Jakob Hjartarson






Forsíðumynd: Tóft 1780-3264 fyrir uppgröftt

Mynd á þessari síðu: Búið að grafa könnunarskurð í tóft 1780-3356

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð og teikningar: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-43-7

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af skýrsluhöfundi nema annað sé tekið fram

© Hermann Jakob Hjartarson og Antikva ehf.

# Efnisyfirlit

Abstract ..... vi

Inngangur ..... 1

Fyrri rannsóknir og skráningar ..... 2

Markmið og kröfur ..... 2

Aðferðir ..... 2

Ljósmyndir ..... 2

Gripir ..... 2

Sýni ..... 3

Dýrabein ..... 3

Þingvellir á Þórsnesi ..... 3

Rannsóknin ..... 4

Tóft 1780-3264: Könnunarskurður 1 ..... 5

Sniðteikning ..... 6

Tóft 1780-3356. Könnunarskurður 2 ..... 7

Sniðteikning ..... 8

Gripir ..... 10

Niðurstöður ..... 12

Heimildir ..... 13

Árnastofnun – Örnefnasafn ..... 13

Fylgigögn ..... 14

Fundaskrá ..... 14

Teikningar og kort ..... 14

Ljósmyndaskrá ..... 14

## Ljósmyndaskrá

Mynd 1. Flygildismynd af tóft 1780-3264 fyrir uppgröft. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson . 5
Mynd 2. Flygildismynd af tóft 1780-3356 fyrir uppgröft. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson. 7
Mynd 3. Brot úr málverkinu Thorsnes-thing from Thingvallaborg eftir W.G. Collingwood. Hér sést Húsatangi eins og hann málaði hann. ... 9
Mynd 4. Eitt hvítleirkersbrotanna (f-1) sem fannst í könnunarskurði 1. ... 10
Mynd 5. Rauðleirkersbrot (f-4) úr könnunarskurði 2. ... 11

## Teikningaskrá

Teikning 1. Planteikning af neðstu steinum í vegg tóftar 1780-3264. ... 6
Teikning 2. Könnunarskurður 1, sniðteikning. ... 6
Teikning 3. Norðursnið, tóft 1780-3356. ... 8

## Kortayfirlit

Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu. ... v
Kort 2. Fornleifarnar sem rannsóknin nær til eru á Húsatanga. Á kortinu má einnig sjá uppmældar tóftir í kring. ... 3
Kort 3. Könnunarskurðir (gulir) voru grafnir í tvær tóftir. ... 4



*Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu.*

***Grunnupplýsingar***

***Rannsóknarnúmer**: 202308-0137*

***Safnnúmer Þjóðminjasafns**: 2023-66*

***Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):** Vegna fyrirhugaðra endurbygginga á tóftum í landi Þingvalla í Helgafellssveit voru grafnir könnunarskurðir til að athuga eðli minjanna og hvort eldri minjar væru undir tóftunum.*

***Tegund rannsóknar**: Framkvæmdarannsókn*

***Staðsetning**: Þingvellir í Helgafellssveit*

***GPS hnit:*** A: 326118; N: 512166

***Rannsóknartími**: 4.-5. september 2023*

***Leyfishafi**: Hermann Jakob Hjartarson, Antikva ehf.*

***Fjöldi starfsmanna**: 1*

# Abstract

Landowners at Þingvellir in Helgafellssveit are planning to reconstruct two ruins on their property. To get permission to do so, an archaeological excavation had to be conducted first. Two test trenches were dug, one in each ruin. The trenches were dug through the walls of the structures. The walls in ruin 1780-3264 are built of turf and stones. The roof was made of corrugated metal and the floor was made of wood. This structure was most likely built late in the 19th century and used until the middle of the 20th century. It was probably a sheephouse. No older buildings were found beneath the ruin, but there was an older cultural layer lying under the wall, both inside and outside the sheephouse. Three fragments of white clay pottery were found under and outside the wall. Ruin 1780-3356 was built of stones and there was turf at the bottom of the wall, which was probably the base of the structure, although it is also possible that it belonged to an older phase of it. This may have been a small storehouse for fish. Neither older buildings nor cultural layers were found beneath this ruin. There was one floor layer inside it and on top of it were a lot of collapsed stones with one artifact of red clay.

# Inngangur

Landeigendur á Þingvöllum í Helgafellssveit óskuðu eftir því við Minjastofnun Íslands að fá að endurgera tvær tóftir. Minjastofnun fór fram á að áður en farið væri í þær framkvæmdir væri fenginn fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurði í tóftirnar til þess að athuga umfang minjanna og hvort eldri minjar leyndust undir.

Að beiðni Jóns Ragnars Daðasonar fyrir hönd landeigenda tók Hermann Jakob Hjartarson fyrir hönd Antikva ehf. verkið að sér.

Minjastofnun Íslands veitti uppgraftarleyfi þann 28. ágúst 2023. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202308-0137 og safnanúmerið 2023-66 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Grafnir voru tveir skurðir, einn í sín hvora tóftina. Grafið var frá miðju mannvirkjanna og út fyrir vegg þeirra. Tóft 1780-3264 var hlaðin úr torfi og grjóti, með bárujárnsþaki og trégólfi. Húsið hefur sennilega verið byggt seint á 19. öld og var notað fram á miðja 20. öldina. Líklegast var um fjárhús að ræða. Engar eldri byggingar fundust undir tóftinni en þar var þó eldra mannvistarlag sem lá undir veggnum og náði út fyrir tóftina. Undir veggnum og fyrir utan hann, fundust þrjú hvítleirkersbrot.

Tóft 1780-3356 var hlaðin úr grjóti og neðst í veggnum var torf sem líklega er grunnur hans en gæti þó verið frá eldri fasa byggingarinnar. Sennilega hefur þetta verið hjallur eða fiskbyrgi. Hvorki fundust eldri byggingar né mannvistarlög undir þessari tóft. Mikið grjóthrun var inni í henni og gólf þar undir. Einn gripur úr rauðleir fannst í gólfinu.

Rannsóknin fór fram 4.-5 september 2023. Fornleifafræðingur á vettvangi var Hermann Jakob Hjartarson og Jón Ragnar Daðason sá um gröfuvinnu. Rúna K. Tetzschner annaðist prófarkalestur skýrslu.

Höfundur þakkar öllum sem hafa lagt rannsókninni lið.

# Fyrri rannsóknir og skráningar

Engin fornleifaskráning hefur farið fram á jörðinni, en Minjastofnun Íslands hefur mælt inn nokkuð af þeim fornleifum sem þar er að finna og eru þær mælingar aðgengilegar í Minjavefsjá stofnunarinnar.[1]

# Markmið og kröfur

Sótt var um leyfi þann 5. júní 2023 til að endurgera tvær tóftir á landinu. Leyfi til þess fékkst þann 12. júní með því skilyrði að verkið yrði vel skrásett og myndað. Einnig var gerð krafa um að fornleifafræðingur yrði fenginn til að grafa könnunarskurði í tóftirnar áður en framkvæmdir hæfust.[2] 28. ágúst fékkst svo leyfi til fornleifarannsóknar með þeim fyrirvara að ef eldri mannvirki fyndust undir minjunum yrði leyfið endurskoðað, þar sem þær minjar væru friðlýstar.[3]

# Aðferðir

Við rannsóknina var notuð grafa til að fletta ofan af minjunum. Ef mannvistarlag kom í ljós var grafan stöðvuð og lagið skráð. Þegar búið var að grafa í gegnum minjarnar voru teiknuð snið. Teiknaðar voru tvær sniðteikningar og ein planteikning.

Þeir gripir sem fundust við rannsóknina voru teknir til varðveislu og skráð hvaðan þeir komu. Gripir eru varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands og einnig skráðir í *Sarp*, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins.[4]

## Ljósmyndir

Við fornleifarannsóknina voru teknar stafrænar myndir, vinnumyndir, myndir af jarðlögum, sniðum og af gripum. Á vettvangi voru uppgraftarljósmyndir skráðar á eyðublöð sem hafa verið hönnuð sérstaklega til þess að skrá slíkar myndir. Alls voru teknar 125 uppgraftarmyndir.

## Gripir

Gripir sem fundust við rannsóknina voru teknir til varðveislu, hreinsaðir, ljósmyndaðir og skráðir í *Sarp*, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins.[5] Þeir eru skráðir með ártali (2023),

[1] *Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands*.
[2] Magnús A. Sigurðsson, 2023.
[3] Sigurður Bergsteinsson, 2023.
[4] *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*.
[5] *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*.

rannsóknarnúmeri (66) og hlaupandi númeri í *Sarp* og fundaskrá. Gripir frá rannsókninni fengu því númerið 2023-66-x, en í skýrslunni er notast við styttingu og stendur (f-x). Fjórir gripir fundust og voru það allt leirker, sjá fundaskrá.

### Sýni

Engin sýni voru tekin.

### Dýrabein

Engin dýrabein fundust.

## Þingvellir á Þórsnesi




*Kort 2. Fornleifarnar sem rannsóknin nær til eru á Húsatanga. Á kortinu má einnig sjá uppmældar tóftir í kring.*

Jörðin Þingvellir er staðsett á austanverðu Þórsnesi í Helgafellssveit. Í *Landnámu* kemur fram að héraðsþing hafi verið sett á nesinu[6] og samkvæmt *Eyrbyggju* var fjórðungsþingstaður Vestfjarða þar.[7] Víðar er minnst á Þórsnesþing, bæði í þessum ritum og öðrum fornum heimildum.[8] Talið er að þingið hafi verið þar sem nú heita Þingvellir og dragi jörðin nafn af

[6] *Íslenzk fornrit*, I, 1968, 125.
[7] *Íslenzk fornrit*, IV, 1935, 18.
[8] Sverrir Jakobsson, 2001.

því en leifar þingbúða sjást enn á staðnum.[9] Í *Eyrbyggju* er einnig greint frá dómhring á staðnum og hafa margar kenningar verið uppi um hvar hann hafi verið.[10] Helgafell var höfuðbólið á nesinu en Þingvellir hjáleiga þaðan. Á Helgafelli var stofnað klaustur árið 1184/5 sem var starfrækt til siðaskiptanna 1550. Á þessu tímabili var jörðin Þingvellir í eigu klaustursins og hélst síðan í eigu jarðarinnar Helgafells eftir siðaskiptin.[11] Í byrjun 18. aldar voru Þingvellir enn hjáleiga frá Helgafelli, jarðardýrleikinn óviss og jörðin tíundaðist ekki neinum.[12]

## Rannsóknin

Grafnir voru tveir könnunarskurðir í tvær tóftir, 1780-3264 og 1780-3356. Báðar eru á tanga sem kallast Húsatangi en er einnig nefndur Húsnes, Ásgerðartangi eða Þingvallatangi. Þessi mismunandi nöfn eiga stundum við hluta tangans og stundum við hann allan. Í örnefnaskrá heitir allur tanginn Húsatangi, en austasti hluti hans Ásgerðartangi. Brynjúlfur Jónsson segir tangann heita Þingvallatanga en að oddur tangans heiti Húsnes.[13]




*Kort 3. Könnunarskurðir (gulir) voru grafnir í tvær tóftir.*

[9] Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson, 1935, 18 [textaskýring neðanmáls].
[10] Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1992, 14.
[11] Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson, 1992, 21-24.
[12] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (V), 1931-1933, 317-318.
[13] Ö-Þingvellir, 3; Brynjúlfur Jónsson, 1897, 13.

## Tóft 1780-3264: Könnunarskurður 1

Tóft 1780-3264 er 8,5 m löng og 6,5 m breið og liggur í norðaustur − suðvestur. Tóftin er opin í suðvesturenda. Inni í tóftinni er mikið timbur sem hefur verið í grind hússins og þaksins. Einnig er þar mikið bárujárn sem hefur verið á þakinu. Veggir eru háir.



*Mynd 1. Flygildismynd af tóft 1780-3264 fyrir uppgröft. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson*

Í örnefnaskrá er svæðinu lýst svona: *Sunnan Þingvallavogsins er allstór tangi sem heitir Húsatangi. Á honum hafa verið og eru fjárhúsin, þar er nú og heyhlaða, tangi þessi er allur tún, á honum eru margar þingbúðatóftir. Innsti eða austasti hluti tangans heiti Ásgerðartangi. Þar stóð áður hjáleiga, er kölluð var Þingvallakot, en síðar Ásgerðarkot, á rústum þess var síðar byggt fjárhús.*[14]

Grafinn var 6,5 m langur og 1 m breiður skurður í tóftina. Byrjað var á miðju gólfi hennar og grafið í gegnum suðurvegginn og nokkuð út fyrir hann. Þegar komið var niður á botn veggjarins var svæðið hreinsað og gerð planteikning af neðstu steinum veggjarins. Því næst var grafið niður á náttúrulega möl. Sniðteikning var teiknuð af austursniði.

[14] Ö-Þingvellir, 3.




*Teikning 1. Planteikning af neðstu steinum í vegg tóftar 1780-3264.*

## Sniðteikning




*Teikning 2. Könnunarskurður 1, sniðteikning.*

*Jarðlagalýsing:*

1) Yfirborð: Grasrót. Í því var bárujárn við vegginn að innan.
2) Torfhrun fyrir utan tóftina, torf og grjót. Hrunið kom fram í veggnum [3].
3) Torfveggur: Steinar í báðum hliðum og efst á veggnum. Einnig steinar neðst í honum. Torffyllingin samanstóð af blönduðum jarðveg, torfi, móösku og kolum.
4) Timburgólf: Innan í tóftinni var gólf úr timbri.
5) Áfokslag.

6) Mannvistarlag: Svart brunalag sem var undir veggnum [3] og náði 4 m út fyrir hann til suðurs.
7) Áfok. Náttúrulegt áfokslag.
8) Malarlag: Náttúrulegt malarlag.

Tóftin er líklega af fjárhúsi sem þarna hefur staðið á 20. öld. Húsið hefur annaðhvort verið reist á 19. eða 20. öld. Veggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti, um 1,2 m að hæð og 1,5 m breiðir. Tóftin var með bárujárnsþaki og trégólfi. Að innan hefur húsinu verið haldið uppi með tréverki. Þrír gripir fundust undir eða við vegginn, allt hvítleirkersbrot en það gefur til kynna að ekki sé um að ræða mjög gamla byggingu.

Undir veggnum var brennt mannvistarlag. Ekki er ljóst hversu gamalt það er. Líklega er þetta lag sem hefur verið utandyra því engar eldri bygginga- eða veggjaleifar fundust, hvorki í sama plani né neðar. Engin önnur mannvirki fundust undir tóftinni.

## Tóft 1780-3356. Könnunarskurður 2

Tóft 1780-3356 er austast á Húsatanga, um 32 m norðaustan við tóft 1780-3264. Milli tóftanna er skarð í tanganum. Tóft 1780-3356 stendur á háum kletti og er bratt niður í fjöru í þrjár áttir. Hún er ferhyrnd með op til norðurs.



*Mynd 2. Flygildismynd af tóft 1780-3356 fyrir uppgröft. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson.*

Í örnefnaskrá segir um svæðið: *Innan við þessar tóftir er eiði eða skarð í tangann, fyrir austan það hækkar tanginn, er þar kallaður Byrgistangi, á honum er allstór grjótrúst.*[15]

Grafinn var 5 m langur og 1 m breiður skurður í tóftina. Byrjað var á miðju gólfi hennar og grafið í gegnum vesturvegginn og svo tvo metra út fyrir hann. Á yfirborði leit út fyrir að mögulega væri önnur tóft vestan við tóftina og var skurðurinn hafður svo langur til að ná yfir þetta svæði. Engin önnur tóft kom þó í ljós. Mjög mikið grjóthrun var í tóftinni en þegar búið var að hreinsa það af kom veggurinn betur fram og var svæðið hreinsað og ljósmyndir teknar. Því næst var grafið niður á náttúrulega klöpp. Sniðteikning var teiknuð af norðursniði.

## Sniðteikning




*Teikning 3. Norðursnið, tóft 1780-3356.*

*Jarðlagalýsing:*

1) Yfirborð: Grasrót.
2) Grjóthrun innan í tóftinni: Þykkt lag af grjóti sem var inni í mestallri tóftinni.
3) Grjóthlaðinn veggur með mold inn á milli.
4) Torf: Strenghlaðið.
5) Gólflag: Svart og með timburleifum. Einn gripur fannst í laginu (f-4).
6) Áfokslag.
7) Klöpp.

Tóftin er hlaðin úr grjóti og var veggurinn um 0,5 m hár. Mikið magn af grjóthruni var inni í tóftinni og gefur það til kynna að veggir hafi verið frekar háir, eða að þakið hafi einnig verið úr steinum, þ.e. bogahlaðið. Neðst í veggnum var torf sem líklega hefur verið grunnur hans en gæti þó verið frá eldri fasa byggingarinnar. Ekki fundust aðrar eldri byggingar né mannvistarlög undir þessari tóft. Sennilega hefur þetta verið hjallur eða byrgi. Mikið grjóthrun var inni í

[15] Ö-Þingvellir, 3.

tóftinni og fannst einn gripur, brot leirkers úr rauðleir (f-4), í gólfinu [5] undir því. Engin gjóskulög fundust.

Brynjúlfur Jónsson heimsótti staðinn árið 1896 en hann taldi að á þarna hefði dómhringur Þórsnessþings verið. Hann segir: *oddi nessins kallaður Hússnes; stendur á honum hústóft frá þessari öld* [þ.e. þeirri 19.], *hlaðin úr grjóti og svo fyrirferðar mikil, að eigi er rúm fyrir meira. Þó vottar fyrir bogamyndaðri, fornlegri rústarbrún útundan suðurhliðveggnum. Þegar ég sá þetta spurði jeg sjálfan mig, hvort það myndi ekki vera brún dómhringsins, sem hjer sæist á? En hvort sem það er eða ekki tel jeg víst að hann hafi verið á þessum stað.*[16] Brynjúlfur skipti þó um skoðun í grein sinni árið 1900. Þá taldi hann dómhringinn frekar hafa verið á næsta tanga fyrir sunnan, Litlatanga, og hafði sannfærst um það eftir að hafa lesið um ferð Jóns Stefánssonar og W.G. Collingwood sem komust að þeirri niðurstöðu.[17]

Í ferð sinni rétt fyrir aldamótin 1900 málaði Collingwood bæjarstæðið og nánasta umhverfi, þar á meðal Húsatanga.[18] Á málverkinu sést tóft á tanganum þar sem 1780-3356 stendur. Aftur á móti er ekkert mannvirki í stæði tóftar 1780-3264 og gefur það til kynna að ekki hafi verið búið að reisa húsið þá. Hins vegar stóðu nokkur önnur torfhús á tanganum á málverkinu og gæti það skýrt mannvistarlagið [6] undir húsi 1780-3264. Þarna hefur ef til vill verið einhvers konar athafnarsvæði utandyra eða mögulega er þetta ruslalag sem hefur komið úr einhverju þessara húsa.



*Mynd 3. Brot úr málverkinu Thorsnes-thing from Thingvallaborg eftir W.G. Collingwood. Hér sést Húsatangi eins og hann málaði hann.*

[16] Brynjúlfur Jónsson, 1897, 13.
[17] Brynjúlfur Jónsson, 1900, 10-11; W.G. Collingwood og Jón Stefánsson, 1899, 97.
[18] Thorsnes-thing from Thingvallaborg eftir Collingwood.

# Gripir

Alls fundust fjórir gripir, allt leirker. Þrjú leirkersbrot fundust í könnunarskurði 1 í tóft 1780-3264 og voru öll úr hvítleir með hvítum glerjungi. Eitt brotanna (f-1) var með boruðu viðgerðargati. Í könnunarskurði 2 í tóft 1780-2256 fannst brot af rauðleirkersbroti (f-4) í gólfi tóftarinnar.



*Mynd 4. Eitt hvítleirkersbrotanna (f-1) sem fannst í könnunarskurði 1.*



*Mynd 5. Rauðleirkersbrot (f-4) úr könnunarskurði 2.*

# Niðurstöður

Grafnir voru tveir könnunarskurðir í tvær tóftir. Tóft 1780-3264 var fjárhús sem líklega hefur verið reist á 20. öldinni. Húsið var gert úr torfi og grjóti, með timburgrind og bárujárnsþaki. Engin mannvirki fundust undir því, en aftur á móti var þar mannvistarlag, sennilega frá byggðinni sem var á tanganum á 19. öld eða fyrr.

Tóft 1780-3356 var gerð að mestu úr grjóti, en einnig var torf í veggnum. Mikið grjóthrun var inn í tóftinni og gefur það til kynna að veggir hafa verið veglegir. Samkvæmt heimildum var þetta mannvirki reist á 19. öld en í lok aldarinnar var það orðið að tóft. Ekkert fannst sem mælir gegn þessum aldri. Engin gjóskulög fundust en eitt leirkersbrot (f-4) sem fannst gæti verið frá þeim tíma. Líklega var þetta hjallur eða fiskbyrgi.

# Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. (1992). Dómhringa saga: Grein um fornleifaskýringar. *Saga: Tímarit Sögufélags, 30*, 7-79.

Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson. (1992). *Saga Stykkishólms: Kauphöfn og verslunarstaður 1596-1845*. Stykkishólmur: Stykkishólsbær.

Brynjúlfur Jónsson (1897). Rannsóknir í Mýrar- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896. *Árbók hins íslenzka fornleifafjelags*.

Brynjúlfur Jónsson. (1900). Rannsóknir í Snæfellsnessýslu árið 1899. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*.

Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson. (1935). Eyrbyggja. Í Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson (útg.) *Íslenzk fornrit*, IV. Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslenzk fornrit*, I. (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslenzk fornrit*, IV. (1935). Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (V). (1931-1933Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn

Magnús A. Sigurðsson. (2023, 12. júní). *Leyfi til að endurbyggja tvær tóftir á Húsatanga, Þingvöllum. Bréf frá Minjastofnun Íslands.*

*Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.* Sótt 20. september 2023 á: https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun.

*Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*. Sótt 20. september 2023 á: www.sarpur.is.

Sigurður Bergsteinssson. (2023, 28. ágúst). *Leyfisbréf frá Minjastofnun Íslands*.

Sverrir Jakobsson. (2001, 17. apríl). *Hve lengi var haldið þing á Þórsnesi á Snæfellsnesi?* Sótt 24. september 2023 á: https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1504.

W.G. Collingwood og Stefán Jónsson. (1899). *A Pilgrimage to the Saga-Steads of Iceland.* Ulverston: W. Holmes.

W.G. Collingwood. *Thorsnes-thing from Thingvallaborg*. Málverk. Fengið af: https://heimskringla.no/wiki/Fil:WGC.161.jpg

## Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Þingvellir: Örnefnalýsing Þingvalla. [Ekkert ártal]. Þorleifur Jóhannesson skráði.

# Fylgigögn

## Fundaskrá

## Teikningar og kort

## Ljósmyndaskrá

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fundanúmer | 1 | Safnnúmer | 66 | Dags. | 4/9/2023 | Staður | Þingvellir |
| Byggðaheiti | Helgafellssveit | Sveitarfélag | Helgafellssveit | Finnandi | Hermann Jakob | | |
| Heiti | Leirker | Efni | Jarðvegur - Leir - Brenndur | Fasi | | | |
| Tækni | Leirkeragerð. | Aldur frá | 1800 | Aldur til | 1950 | Svæði | Könnunarskurður 1 |

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 4 cm | Breidd | 4 cm | Hæð | 2 cm | Vigt | 6 g | Fjöldi | 1 | Brot | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Teg. mannvirkis | Fjárhús | Nr. | 1780 |
| Teg. lags | | Nr. lags | 6 eða 7 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| N | | A | | Z | |

Lýsing: Hvítleirkersbrot með hvítum glerjungi. Kúpt. Búið að bora eitt viðgerðargat í gripinn.



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fundanúmer | 2 | Safnnúmer | 66 | Dags. | 4/9/2023 | Staður | Þingvellir |
| Byggðaheiti | Helgafellssveit | Sveitarfélag | Helgafellssveit | Finnandi | Hermann Jakob | | |
| Heiti | Leirker | Efni | Jarðvegur - Leir - Brenndur | Fasi | | | |
| Tækni | Leirkeragerð. | Aldur frá | 1800 | Aldur til | 1950 | Svæði | Könnunarskurður 1 |

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 3 cm | Breidd | 16 cm | Hæð | 3 cm | Vigt | 5 g | Fjöldi | 1 | Brot | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Teg. mannvirkis | Fjárhús | Nr. | 1780 |
| Teg. lags | | Nr. lags | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| N | | A | | Z | |

Lýsing: Hvítleirkersbrot með hvítum glerjungi.



Fundanúmer 3 | Safnnúmer 66 | Dags. 4/9/2023 | Staður Þingvellir

Byggðaheiti Helgafellssveit | Sveitarfélag Helgafellssveit | Finnandi Hermann Jakob

Heiti Leirker | Efni Jarðvegur - Leir - Brenndur | Fasi

Tækni Leirkeragerð. | Aldur frá 1800 | Aldur til 1950 | Svæði Könnunarskurður 1

Lengd 2 cm | Breidd 1 cm | Hæð 3 cm | Vigt 1 g | Fjöldi 1 | Brot 1

Teg. mannvirkis Fjárhús | Nr. 1780

Teg. lags | Nr. lags

N | A | Z

Lýsing: Hvítlerikersbrot með hvítum glerjungi



Fundanúmer 4 | Safnnúmer 66 | Dags. 5/9/2023 | Staður Þingvellir

Byggðaheiti Helgafellssveit | Sveitarfélag Helgafellssveit | Finnandi Hermann Jakob

Heiti Leirker | Efni Jarðvegur - Leir - Brenndur | Fasi

Tækni Leirkeragerð. | Aldur frá | Aldur til | Svæði Könnunarskurður 2

Lengd 25 cm | Breidd 15 cm | Hæð 3 cm | Vigt 2 g | Fjöldi 1 | Brot 2

Teg. mannvirkis Byrgi/Hjallur | Nr. 1780

Teg. lags Gólf | Nr. lags

N | A | Z

Lýsing: Tvö rauðleirkersbrot með brúnum glerjungi.
Rákir í glerjunginum.



ANTIKVA EHF.

# Ljósmyndaskrá

---

## Þingvellir - Helgafellssveit

| Mynd Nr. | Dagsetning | Svæði | Myndefni, stutt lýsing | Átt | Ljósmyndari |
|---|---|---|---|---|---|
| 2023-66-1 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Tóft 1780-3264 fyrir uppgröft | A | HJH |
| 2023-66-2 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Tóft 1780-3264 fyrir uppgröft | A | HJH |
| 2023-66-3 | 4/9/2023 | 1780-3264 | 1780-3264 fyrir uppgröft, sést í tóft 1780-3356 fyrir | A | HJH |
| 2023-66-4 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Tóft 1780-3264 fyrir uppgröft | A | HJH |
| 2023-66-5 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Grafan að byrja á að grafa könnunarskurð 1 | A | HJH |
| 2023-66-6 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Búið að taka grasvörð af veggnum í könnunarskurði 1 | A | HJH |
| 2023-66-7 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Búið að taka grasvörð af veggnum í könnunarskurði 1 | A | HJH |
| 2023-66-8 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Búið að taka grasvörð af veggnum í könnunarskurði 1 | A | HJH |
| 2023-66-9 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-10 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-11 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | S | HJH |
| 2023-66-12 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | S | HJH |
| 2023-66-13 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-14 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | N | HJH |
| 2023-66-15 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-16 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-17 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1, með skala (1m) | S | HJH |
| 2023-66-18 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1, með skala (1m) | | HJH |
| 2023-66-19 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1, með skala (1m) | | HJH |
| 2023-66-20 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1, með skala (1m) | S | HJH |
| 2023-66-21 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1, með skala (1m) | | HJH |
| 2023-66-22 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | | HJH |
| 2023-66-23 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | S | HJH |
| 2023-66-24 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Steinar í vegg í könnunarskurði 1 | S | HJH |
| 2023-66-25 | 4/9/2023 | 1780-3264 | afan nýbúin að grafa niður í náttúrulegt í suðurenda | S | HJH |
| 2023-66-26 | 4/9/2023 | 1780-3264 | afan nýbúin að grafa niður í náttúrulegt í suðurenda K1 | | HJH |
| 2023-66-27 | 4/9/2023 | 1780-3264 | afan nýbúin að grafa niður í náttúrulegt í suðurenda | S | HJH |
| 2023-66-28 | 4/9/2023 | 1780-3356 | óft 1780-3356 áður en könnunarskurður 2 var grafin | S | HJH |
| 2023-66-29 | 4/9/2023 | 1780-3356 | óft 1780-3356 áður en könnunarskurður 2 var grafin | SA | HJH |
| 2023-66-30 | 4/9/2023 | 1780-3356 | óft 1780-3356 áður en könnunarskurður 2 var grafin | S | HJH |
| 2023-66-31 | 4/9/2023 | | Hleðslur í fjörunni suðvestan við 1780-3356 | N | HJH |
| 2023-66-32 | 4/9/2023 | | Hleðslur í fjörunni suðvestan við 1780-3356 | N | HJH |
| 2023-66-33 | 4/9/2023 | | Austurveggur 1780-3356 og útsýni til hafs | A | HJH |
| 2023-66-34 | 4/9/2023 | | Steinn í túninu á Þingvöllum | N | HJH |
| 2023-66-35 | 4/9/2023 | | Steinn í túninu á Þingvöllum | N | HJH |
| 2023-66-36 | 4/9/2023 | | Túnið á Þingvöllum | V | HJH |
| 2023-66-37 | 4/9/2023 | | Blótsteinn | N | HJH |
| 2023-66-38 | 4/9/2023 | | Blótsteinn | N | HJH |
| 2023-66-39 | 4/9/2023 | | Húsatangi yfirlitsmynd | NV | HJH |
| 2023-66-40 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-41 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-42 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-43 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-44 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-45 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-46 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2023-66-47 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-48 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-49 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-50 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-51 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-52 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-53 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-54 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-55 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-56 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 1 | V | HJH |
| 2023-66-57 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Mnnvistarlag undir 1780-3264 í sniði | V | HJH |
| 2023-66-58 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-59 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Mnnvistarlag undir 1780-3264 í sniði | V | HJH |
| 2023-66-60 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 3 | V | HJH |
| 2023-66-61 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Mnnvistarlag undir 1780-3264 í sniði | V | HJH |
| 2023-66-62 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 4 | V | HJH |
| 2023-66-63 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Mnnvistarlag undir 1780-3264 í sniði | V | HJH |
| 2023-66-64 | 4/9/2023 | 1780-3264 | Vestursnið í könnunarskurði 5 | V | HJH |
| 2023-66-65 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Verið að grafa könnunarskurð 2 | A | HJH |
| 2023-66-66 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Verið að grafa könnunarskurð 2 | SA | HJH |
| 2023-66-67 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Verið að grafa könnunarskurð 2 | S | HJH |
| 2023-66-68 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | | HJH |
| 2023-66-69 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-70 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-71 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-72 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-73 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Vegghleðsla í könnunarskurði 2 | V | HJH |
| 2023-66-74 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | | HJH |
| 2023-66-75 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | | HJH |
| 2023-66-76 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | | HJH |
| 2023-66-77 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | V | HJH |
| 2023-66-78 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | | HJH |
| 2023-66-79 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2 | | HJH |
| 2023-66-80 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Steinn í könnunarskurði 2, vestan við tóft | V | HJH |
| 2023-66-81 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Steinn í könnunarskurði 2, vestan við tóft | V | HJH |
| 2023-66-82 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Steinn í könnunarskurði 2, vestan við tóft | A | HJH |
| 2023-66-83 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Búið að grafa í gegnum vegg í 1780-3356 | V | HJH |
| 2023-66-84 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-85 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-86 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-87 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-88 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-89 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-90 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-91 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-92 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-93 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2023-66-94 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-95 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið í könnunarskurði 2 | N | HJH |
| 2023-66-96 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í vegghleðslu. Könnunarskurður 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-97 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-98 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í könnunarskurði 2. Norðursnið. Með skala. | N | HJH |
| 2023-66-99 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Gólf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-100 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Gólf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-101 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-102 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-103 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-104 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-105 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-106 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-107 | 5/9/2023 | 1780-3356 | lorðursnið í könnunarskurði 2. Með málbandi og línu | N | HJH |
| 2023-66-108 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf og gólflag í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-109 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Gólf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-110 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-111 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Torf í könnunarskurði 2. Norðursnið | N | HJH |
| 2023-66-112 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Könnunarskurður 2. Yfirlit | N | HJH |
| 2023-66-113 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Könnunarskurður 2. Yfirlit | NV | HJH |
| 2023-66-114 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Könnunarskurður 2. Yfirlit | V | HJH |
| 2023-66-115 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Austurveggur 1780-3356 og útsýni til hafs | A | HJH |
| 2023-66-116 | 5/9/2023 | 1780-3356 | sturveggur 1780-3356. Ásamt Jóni Ragnari og gröfur | V | HJH |
| 2023-66-117 | 5/9/2023 | 1780-3356 | sturveggur 1780-3356. Ásamt Jóni Ragnari og gröfur | SV | HJH |
| 2023-66-118 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Austurveggur 1780-3356. Ásamt gröfunni | V | HJH |
| 2023-66-119 | 5/9/2023 | 1780-3356 | ft 1780-3356 æasamt Jóni Ragnari, hundi og gröfun | V | HJH |
| 2023-66-120 | 5/9/2023 | 1780-3356 | ft 1780-3356 æasamt Jóni Ragnari, hundi og gröfun | V | HJH |
| 2023-66-121 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Grjóthrun í 1780-3356 | N | HJH |
| 2023-66-122 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Norðursnið könnunarskurðar 2, veggur og hrun. | N | HJH |
| 2023-66-123 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |
| 2023-66-124 | 5/9/2023 | 1780-3356 | Suðursnið í könnunarskurði 2 | S | HJH |


G-2023-66-106

G-2023-66-107

G-2023-66-108

G-2023-66-109

G-2023-66-110

G-2023-66-111

G-2023-66-112

G-2023-66-113

G-2023-66-114

G-2023-66-115

G-2023-66-116

G-2023-66-117

G-2023-66-118

G-2023-66-119

G-2023-66-120

G-2023-66-121

G-2023-66-122

G-2023-66-123

G-2023-66-124

G-2023-66-125

ANTIKVA EHF.

# Korta- og teikningaskrá

Þingvellir, Helgafellssveit




| | | | |
|---|---|---|---|
| Antikva | **Þingvellir**<br>Fornleifar | Vettvangsskráning:<br>Kortagerð: | Minjastofnun Íslands<br>HJH<br>2023 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| Antikva | Staðsetning tófta og könnunarskurða | Vettvangsskráning: | Minjastofnun Íslands og HJH |
| | | Kortagerð: | HJH 2023 |




Antikva

Tóft 1780-3264

Planteikning

Vettvangsskráning: HJH 2023

Kortagerð: HJH 2023




Antikva

Tóft 1780-3264

Planteikning

Vettvangsskráning: Minjastofnun Íslands og HJH

Kortagerð: HJH 2023




Skýringartákn:

Mannvistarlög:
- Mannvistarlag
- Torfhrun
- Bárujárn
- Torfveggur
- Timbur
- Steinn

Jarðlög:
- Yfirborð
- Áfok
- Náttúruleg möl

| Þingvellir, Helgafellssveit | |
|---|---|
| Heiti: T-2023-66-2 | A-snið |
| Austursnið | Tóft 1780-3264 |
| Frumteikning: H.J.H | Dags. 05.09.2022 |
| Hreinteikning: H.J.H | Dags. 10.10.2023 |
| Mælikvarði: 1:20 | Antikva ehf. |




Skýringartákn:

Mannvistarlög:
- Gólflag
- Veggur
- Grjóthrun
- Torf
- Steinn

Jarðlög:
- Yfirborð
- Áfok

| Þingvellir, Helgafellssveit | |
|---|---|
| Heiti: T-2023-66-3 | N-snið |
| Norðursnið | Tóft 1788-3356 |
| Frumteikning: H.J.H | Dags. 05.09.2022 |
| Hreinteikning: H.J.H | Dags. 12.10.2023 |
| Mælikvarði: 1:20 | Antikva ehf. |